

## 6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta stjórnarstofnun- arinnar, meirihluta héraðsfundar Ísafjarðarprófastsdæmis og sameiginlegs sóknarnefndar- fundar í Öfundarfirði. Sama gildir ef fyrirhugað er að sameina sjálfseignarstofnunina öðrum aðila.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, ráðstafar kirkjuráð þjóðkirkjunnar eignum hennar.

## 8. gr.

Umboð stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar telst hefjast 1. október 2002 og miðast upp- hafstími stjórnarsetu tilnefndra stjórnarmanna við þann tíma. Tilnefning stjórnarmanna gildir til loka septembermánaðar árið 2004 og gildir það allt að einu þótt ekki hafi tekist að afla staðfestingar á skipulagsskrá stofnunarinnar eða lögmætrar skráningar fyrir 1. október 2002.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. mars 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.**

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Malbikunarstöðina Höfða hf.*, kt. 581096-2919 fyrir malbikunarstöð að Sævarhöfða 6–10, Reykjavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfs- leyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrú- ar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Prímex ehf.*, kt. 681197-2819, á Siglu- firði, fyrir framleiðslu á kítín og kítósan. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

*Umhverfisstofnun, 17. mars 2003.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður.*